# AUGLÝSING

**um vátryggingarfjárhæð í aksturskeppni.**

1. gr.

Ákveðið hefur verið að vátryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 40.500.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 20.000 krónur að lágmarki og 200.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 4.050.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um akstursíþróttir og aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990 með síðari breytingum, gildir fyrir árið 1998.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. janúar 1998.*

F. h. r.
**Björg Thorarensen.**

*Kolbeinn Árnason.*